

Mál nr. 249/2021

**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Tjón á húsbifreið vegna áaksturs 12. október 2020.****Gögn.**

Málskot, mótt ekið 15. júní 2021, ásamt fylgigögnum og tölvupósti dags. 10. júlí 2021.

Bréf V, dags. 9. júlí 2021, ásamt samriti vátryggingaskírteinis og fasteignayfirliti.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að húsbifreið í eigu M hafi verið ekið að bílalúgu X í þeim tilgangi að kaupa þar þjónustu þegar bifreiðin lenti á skyggni eða þakkanti fyrir ofan afgreiðslulúgu á fasteign X. Við það varð tjón á húsbifreiðinni.

M telur að X beri ábyrgð á tjóni á húsbifreið hans þar sem engin merking eða viðvörðun hafi verið um skyggni, en það hafi átt að vera vegna þröngrar bílarennu sem bifreiðum væri ætlað að aka í til að fá þjónustu. M vitnar einnig í málskoti til samtals við starfsmenn X sem hafi sagt að atvik þessu lík hafi gerst áður.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ekkert benda til þess að tjón á húsbifreið M verði rakið til saknæmrar háttsemi X. V bendir á að skyggni á fasteign X sé vel sýnilegt hverjum þeim sem ekur um svæðið og lýsing á svæðinu sé góð auk þess sem það sé ljósabúnaður í skyggninu sjálfu. Einnig bendir V á að þakskyggnið náði ekki út á akbraut heldur yfir gangstétt við húsbýggingu þá sem hýsir starfsemi X. V telur að tjón M verði helst rakið til aðgæsluleysis ökumanns húsbifreiðarinnar sem hafi misreiknað stærð bifreiðarinnar eða fjarlægð hennar frá húsbýggingunni.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaábyrgð X vegna tjóns á húsbifreið M sem ekið var á þakskyggni á húsnæði X. Greinargóðar myndir eru af aðstæðum í gögnum málsins. Þar kemur nokkuð skýrt fram að þakskyggni á húsbýggingu X nær ekki út fyrir gangstétt sem liggur meðfram húsbýggingu og fyrir neðan bílalúgu þar sem ökumaður húsbifreiðarinnar hugðist sækja þjónustu í. Það, að ekki séu sérstakar merkingar sem gefa til kynna að á húsbýggingunni sé þakskyggni sem ökumenn hárra bifreiða verði að vara sig á, telst ekki til saknæmrar háttsemi, en telja verður nærtækara að ökumenn slíkra bifreiða verði sjálfir að gæta sérstakrar varúðar þegar þeir sækja þjónustu sem þessa. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.